

Líklegar tekjur af vatnsréttindum vegna Hvalárvirkjunar -minnisblað

Vesturverk hefur samið við landeigendur í Ófeigsfirði I um rétt til að virkja Hvalá og Rjúkanda í Ófeigsfirði með miðlun í Vatnalautum og áveitu úr eignarhlut Ófeigsfjarðar í Eyvindarfjarðará. Samið er til 60 ára, en Vesturverk greiðir eigendum hlutfall af brúttótekjum virkjunarinnar, sem hér segir:

Tafla 1. Leigutekjur landeigenda í Ófeigsfirði I af Hvalárvirkjun, hlutfall af brúttótekjum.

Fyrstu tíu árin	2%
Á 11. ári til 15. árs	4%
Á 16. ári til 20. árs	6,5%
Á 21. ári til 60. árs	8%

HS orka á 70% í Vesturverki.¹ Verkís hefur reiknað orkugetu Hvalárvirkjunar miðað við að Neðra Eyvindarfjarðarvatni sé veitt í Hvalárvatn. Þannig er áætlað að afl virkjunarinnar verði um 55 MW og að 320 GWh verði framleiddar á ári.² Erfitt er að áætla líklegt verð, en árið 2016 var meðalverð Landsvirkjunar í heildsölu 4,6 krónur á kílóvattstund, án flutnings. Meðalverð til stóriðju, með flutningi, var allmiklu lægra, eða um 2,9 krónur miðað við meðalgengi bandaríkjadals 2016. Árið 2016 voru tekjur Landsvirkjunar af flutningi um 15% af summu tekna af flutningi og rafmagnssölu. Í því ljósi er áætlað að tekjur af rafmagnssölu til stóriðju án flutnings séu um 2,4 krónur á kílóvattstundina.³ HS Orka, móðurfélag Vesturverks, selur Norðuráli rafmagn, en auk þess hefur fyrirtækið skrifað undir við Thorsil, sem ætlaði að reisa kísilver í Helguvík. En ekkert liggur enn fyrir um hvert rafmagn frá Hvalárvirkjun fer. Framkvæmdastjóri Vesturverks telur líklegt að það nýtist allt á Vestfjörðum, ef áætlanir um laxeldi á Vestfjörðum standast.⁴

Rafmagnsverð er lægra á Íslandi en í grannlöndunum. Rætt hefur verið um rafmagnssölu með streng til Bretlands, en slík tenging mundi stuðla að hærra verði. Ekki er heldur ólíklegt að eigendur krefjist meiri afraksturs af fjárfestingu sinni í virkjunum, en til þessa hefur verið í boði. Árið 2014 ræddi National grid í Bretlandi um að heildsöluverð á rafmagni þar í landi gæti farið úr undir 50 pundum á megawattstund (9-10 krónur á kílóvattstund, miðað við meðalgengi punds 2014) í 100 pund árið

¹ HS Orka, Ársskýrsla 2016

² Vesturverk, Hvalárvirkjun, heimasíða.

³ Landsvirkjun, ársskýrsla 2016, eigin útreikningar.

⁴ Gunnar G. Magnússon, 2017, Hvert fer orkan úr fyrirhugaðri Hvalárvirkjun, Eyjunn, 23.09.

2035.⁵ Hér er gert ráð fyrir að rafmagnsverð frá Hvalárvirkjun hækki um 2% á ári umfram annað verðlag á 15 árum, en breytist ekki eftir það. Þetta er í samræmi við algenga spá um rafmagnsverð í Bretlandi.⁶ Sennilega er sú spá varleg fyrir Ísland - ekki er ólíklegt að munur á verði rafmagns hér á landi og í grannlöndunum fari minnkandi.

Hér er gert ráð fyrir að brúttótekjur Vesturverks af Hvalárvirkjun verði á bilinu frá 800 milljónum upp í 1½ milljarð króna fyrsta árið. Tekjurnar hækki síðan umfram almennt verðlag með hækkandi rafmagnsverði. Eftir 15 ár verði brúttóárstekjur af virkjuninni á bilinu frá einum milljarði króna upp í allt að tveimur milljörðum króna.

Tafla 2. Tekjur eigenda Ófeigsfjarðar I á ári af leigu virkjunarréttar í Hvalá, milljónir króna. Tekjurnar fara hækkandi fyrstu árin, en taflan sýnir dæmi um hvernig þær þróast.

	Háar, m.v. heildsöluverð Landsvirkjunar	Lágar, miðað við verð Landsvirkjunar til stóriðju
1. ár	29	16
2.-5. ár
6. ár	33	17
7.-10. ár
11. ár	72	38
12.-15. ár
16. ár	129	68
17.-20. ár
21.-60. ár	158	84

Núvirði samningsins er 700-1.400 milljónir króna fyrir skatta, miðað við 6% raunávöxtunarkröfu. Ávöxtunarkrafan er í lægri kantinum miðað við þá ávöxtun sem krafist var í rafmagnsframleiðslu í Bretlandi og Ástralíu fyrir nokkrum árum. Ekki virðist óeðlilegt að landeigendur krefjist minni ávöxtunar en þeir sem takast á hendur fjárfestingu í virkjunum, þar sem kostnaður við að koma þeim upp reynist oft meiri en áætlað er.⁷

Reykjavík 3. október 2017,
Sigurður Jóhannesson.

⁵ Price of electricity could double over next 20 years says National Grid, Guardian, 10. júlí.

⁶ Sbr. Samanburð á þjóðhagslegum kostnaði rafbíla og bensínbíla, Hagfræðistofnun, ágúst 2017, bls. 22.

⁷ Ásgeir Jónsson og Sigurður Jóhannesson, 2012, Arðsemi Landsvirkjunar af rafmagnssölu til stóriðju 1966 til 2010, hhi.hi.is/rannsóknarskýrslur.